

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2012

2012/EES/50/26

frá 30. apríl 2012

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/35/ESB frá 5. apríl 2011 um samruna hlutafélaga ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 78/855/EBE) í XXII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32011 L 0035:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/35/ESB frá 5. apríl 2011 um samruna hlutafélaga (Stjtið. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 1).“

Ákvæði tilskipunar þessarar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 1. mgr. 1. gr.:

– Ísland:

Hlutafélag,

– Liechtenstein:

die Aktiengesellschaft,

– Noregur:

allmennaksjeselskap.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/35/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.